

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

208. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn **4. apríl 2012 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Skipulagsmál.
2. Erindi starfshóps um endur skoðun samþykkt og stjórnslu sveitarfélagsins.
3. Erindi Kristínar Jóhannesdóttur.
4. Erindi Knúts A. Óskarssonar.
5. Erindi fasteignafélagsins Borgar ehf.
6. Erindi sveitarstjóra.
7. Erindi Veidifélags Víðidalsár.
8. Erindi Reykjahöfða ehf.
9. Drög að brunavarnaráætlun.

Afgreiðslur:

- 1a. Deiliskipulag austan Norðurbrautar. Tillagan tekin fyrir á ný eftir lagfæringu vegna aths. Skipulagsstofnunar. Ráðið samþykkir tillöguna. Skipulags- og umhverfisráð leggur til að ný gata fái nafnið Lindarvegur.
- 1b. Breyting á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 ásamt skipulagslýsingu vegna nýrrar þjónustulóðar í landi Melstaðar í Miðfirði. Skipulags- og umhverfisráð mælir með að lýsingin verði kynnt og leitað umsagna sbr. 30. gr. í skipulagslögum nr.123/2010.
- 1c. Kynnt tillaga að deiliskipulagi fyrir þjónustulóð í landi Melstaðar frá KRADS dags. 03.04.2012. Ráðið felur forstöðumanni tæknideildar að koma athugasemdum á framfæri.
2. Starfshópur um endurskoðun samþykkt sveitarfélagsins vísar til ráðsins endurskoðun á reglum, annarsvegar um umferð í þéttbýli í Húnaþingi vestra og hinsvegar reglum um smáhýsi á íbúðarlóðum. Ráðið leggur til að reglur um smáhýsi á íbúðarlóðum verði felldar úr gildi með vísan til gr. 2.3.5 í byggingarreglugerð Nr.112/2012. Ráðið frestar endurskoðun á reglum um umferð til næsta fundar.
3. Kristín Jóhannesdóttir kt. 090342-3639, óskar eftir leyfi til að rífa fjárhús á jörðinni Ytri Kárastaðir, fastanr.213-4388. Samþykkt með fyrirvara um samþykki meðeiganda jarðarinnar.
4. Knútur A. Óskarsson kt. 180469-4519 sækir um byggingarleyfi fyrir þjónustumiðstöð í landi Ósa á Vatnsnesi, f.h. Ósafells ehf. kt. 701110-0210, skv. meðfylgjandi teikningum frá ARKÍS dags. 16.09.2011 og 21.10.2011. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

5. Karl Sigurgeirsson sækir um byggingarleyfi vegna breytinga að Höfðabraut 34 f.h. Fasteignafélagsins Borgar ehf. kt. 680998-2059, skv. meðfylgjandi teikningum frá Ráðbarði dags. 02.04.2012.
6. Guðrún Ragnarsdóttir f.h. sveitarstjóra Húnaþings vestra kt. 540598-2829 sækir um leyfi til að setja opnanleg fög í glugga hússins Hvammstangabraut 5, sbr. Meðfylgjandi teikningu frá Hauki Árnasyni byggingartæknifræðingi dags. 26.03.2012. Ráðið samþykkir erindið.
7. Björn Magnússon f.h. Veiðifélags Víðidalssár kt. 680269-3199 sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við veiðihúsið Tjarnarbrekku fastanr. 213-5313 sbr. meðfylgjandi teikningum frá Hornsteinum arkitektum ehf. dags. 15.03.2012. Slökkviliðsstjóri bendir á að aðskilja þarf svefnálmum frá öðrum rýmum. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.
8. Reimar Marteinnsson kt. 180380-5589 f.h. Reykjahöfða ehf. kt. 531207-1220 sækir um byggingarleyfi fyrir smáhýsum á lóðinni Kirkjuhvammsvegur 2 skv. meðfylgjandi teikningum frá Hauki Árnasyni dags. 28.02.2012 og 29.03.2012. Ráðið mælir með úthlutun lóðarinnar og samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn. Fyrirvari er einnig gerður við að Skipulagsstofnun afgreiði deiliskipulagsbreytinguna án athugasemda.
9. Pétur Arnarsson kynnti drög að brunavarnaráætlun.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:20

Guðjón Þórarinn Loftsson (sign.),
Vígundur Gunnþórsson (sign.),
Árborg Ragnarsdóttir (sign.),
Unnsteinn Andrésson (sign.),
Jóhannes Erlendsson (sign.),
Ólafur H. Stefánsson, forstöðumaður tæknideildar (sign.),
Pétur Arnarsson, slökkviliðsstjóri (sign.),
Benjamín Kristinsson, byggingarfulltrúi (sign.).